



Faghópur II

Fundargerð 6. fundar

Iðnaðarráðuneytinu 16. apríl 2009, kl. 8:30

Mætt: Anna G. Sverrisdóttir, Anna Dóra Sæþórsdóttir, Jóhannes Sveinbjörnsson, Ólafur Örn Haraldsson, Sveinn Runólfsson og Tómas Þór Tómasson sem skrifaði fundargerð.

Forföll: Brynhildur Davíðsdóttir.

Fundarfrásögn:

1. Fundargerð síðasta fundar var samþykkt.

- a. **Hlunnindi.** Fyrsti gestur fundarins var Árni Snæbjörnsson, hlunnindaráðunautur BÍ, en hann hefur nýverið látið af þessu starfi eftir 25 ár.
- b. Árni dreifði fjölríti þar sem getið er um helstu hlunnindi á landinu.
- c. Æðarvarp eru verðmætustu hlunnindi íslenskra jarða og veltir nokkur hundruð millj. kr. í „sæmilegu ári“. Í heild ógna nýjar virkjanir æðarvarpi ekki verulega þótt geta megi um nokkra viðkvæma staði, t.d. hólmana í Þjórsá og neðstu staði við Skjálfandafljót.
- d. Selir: Nýting sels er mun minni en raunin var fyrr á árum en stofnar landsels og útsels hafa minnkað. Gengissig krónunnar gæti leitt til aukinnar nýtingar (skinn). Mikil sellátur eru við öll stærri vatnsföll á Suðurlandi vestan Mýrdalsjökuls. Heilt yfir hafa virkjunarframkvæmdir lítil áhrif á nýtingu sels.
- e. Reki: Virkjanir hafa litla sem enga þýðingu.
- f. Silungsstofnar: Falla undir aðra aðila (Veiðimálastofnun).
- g. Fjörur: Helst að nefna nýtingu á sölum sem er mest við árósa. Fremur litlir hagsmunir.
- h. Gras: Helst beitarland en virkjanir hafa fremur lítil áhrif. Þar sem slíkt hefur komið upp hefur verið samið um uppgræðslu á móti töpuðu beitarlandi.
- i. Annar gróður: T.d. fjallagrös sem er verðmæt jurtt, seinvaxin en mjög útbreidd. Einnig hvönn og fleiri villtar jurttir sem m.a. eru nú nýtt m.a. í smyrsl, heilsuvörur og krydd. Hér er áhætta þó lítil gagnvart virkjunum.
- j. Að öllu samanlögðu taldi Árni að nýjar virkjunarframkvæmdir hefðu lítil áhrif á hlunnindi í landinu.

2. Hestaferðir. Næstu gestir voru þeir Einar Bollason frá Íshestum og Hróðmar Bjarnason frá Eldhestum en þessi fyrirtæki eru stærstu skipuleggjendur hestaferða um landið.

- a. **Hellisheiði.** Eitt helsta nýtingasvæði Eldhesta er Hellisheiðin. Þetta á þó aðeins við yfir sumartíma því umferð jeppa, vélsleða og göngufólks – og færri viðskiptavinir – gefa ekki færi á hestaferðum um svæðið á vetrum. Hróðmar sagði að virkjunarframkvæmdir á svæðinu hefðu takmarkað möguleika þeirra umtalsvert. Þótt reynt hafi verið að halda reiðleiðum opnum leiddi röskun á umhverfi, hávaði og lykt af sér aðra og síðri upplifun viðskiptavina. Reyndin væri sú að ef orkufyrirtækjum sé

hleypt inn á háhitasvæði hafa þau tilhneigingu til að breiða úr sér og kalla sífellt á meira pláss og fleiri vinnslusvæði. Þótt fyrirtækin hafi gefið viljrði og loforð hefur staðið á efndum. Áform um Bitru-virkjun valda sérstökum áhyggjum.

- b. **Umhverfi Hafnarfjarðar** er helsta athafnasvæði Íshesta en þar fara um 20.000 gestir í styttri reiðtúra á ári. Einar segir að línulagnir sé helsta áhyggjuefnið og þær geta skapað hættu. Raunar væri loksins að verða vakning varðandi línulagnir.
 - c. **Lítið tillit tekið til hagsmuna ferðapjónustunnar.** Einar og Hróðmar nefndu að því miður væri takmarkað tillit tekið til hagsmuna ferðapjónustunnar þegar orkuframkvæmdir væru annars vegar. Þeir nefndu m.a. val línustæða og hávaða frá blæstri borhola (t.d. Hellisheiði og Þeistareykir). Þetta væri þó aðeins að breytast.
 - d. **Fjöldi í hestaferðum.** Aðspurðir mátu Einar og Hróðmar að um 5000 ferðamenn kæmu árlega til landsins með lengri hestaferð sem meginástæðu. Skv. könnunum fara um 70.000 erlendir ferðamenn á hestbak á meðan á Íslandsdvöl stendur. Takmarkandi þættir væru skortur á hrossum og vanir og þjálfaðir leiðsögumenn
 - e. **Nýta vegi og skála.** Hestaferðir nýta vegi, t.d. línuvegi (t.d. fyrir trúss-bíla), og skála (áning og gisting) sem orkufyrirtækin hafa lagt/byggt. „Þökkum það!“
 - f. **Mat á endanlegum virkjunarkostum.** Einar og Hróðmar lýstu sig tilbúna til að meta einstaka virkjunarkosti þegar sá listi liggur fyrir.
- 3. Næsti fundur** verður haldinn í lðnaðarráðuneytinu kl. 8:30 þann 30.apríl. Fundi var slitið kl. 10:30.